



Bókun

Mál nr.: **2018-109U019**

Dagsetning: **22. júní 2018**

Staðsetning: **Þverá í Húnaþingi**

Atvik: **Útafakstur, fjórhjól**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Ökumaður fjórhjóls missti stjórn á hjólinu sem hafnaði ofan í læk og fannst ökumaður síðar látinn undir hjólinu..

Staðsetning

**Látinn:**

69 ára karl

Veður og birta:

Óvíst

Vegur:

Malar slitlag.

Tími sólarhrings:

Óvíst

Ökutæki:

Can Am Outlander torfæruhjól, nýskráð 2014.



Málsatvik

Samband var haft við lögreglu sem lýsti eftir manni sem ekki hafði sést til í nokkra daga. Virtist sími mannsins vera utan þjónustusvæðis eða á honum slökkt. Fannst maðurinn látinn í lækjarfarvegi undir torfæruhjóli, sem hann átti, skammt frá bænum Þverá í Norðurárdal í Húnaþingi. Miðað við ummerki á vettvangi hafði maðurinn misst stjórn á hjólinu og ekið út fyrir vegslóða þar sem hann var á ferð. Hjólið hafði oltið niður í læk og lá maðurinn fastur undir hjólinu þegar hann fannst. Hann hafði hlotið mjaðmagrindarbrot og látist vegna fitublóðreka í lunga. Þrátt fyrir að ekki hafa komið fram afgerandi merki sem sýndu fram á meðvindundarleysi eða veikindi sem gætu hafa orsakað slysið útilokar það ekki skyndileg veikindi hjá ökumanni þegar slysið varð.

Ekkert benti til annars en að um slys væri að ræða. Líklegt er að það hafi átt sér stað 21. eða 22. júní 2018 en maðurinn fannst síðdegis 25. júní. Við skoðun á hjólinu kom ekkert í ljós sem skýrt getur orsök slyssins.

Málið verður ekki rannsakað frekar og er lokað með bókun.

Bókunin var samþykkt á fundi nefndarinnar þann 26.11.2019.

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Guðrún Nína Petersen

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 26. nóvember 2019
Rannsóknarnefnd samgönguslysa